



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Starfsskýrsla Sprotasjóðs úthlutunarárið 2009-2010

Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs	3
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2009-2010	3
Umsýsluaðili.....	4
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2009-2010	4
Úthlutun Sprotasjóðs 2009-2010.....	4
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2009-2010	5
Samningar við styrkþega	7

Hlutverk Sprotasjóðs

Samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. Laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla hefur verið stofnaður Sprotasjóður sem styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [Nr. 242/2009](#).

Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2009-2010.

Vinna við úthlutunarárið hjá Sprotasjóði hófst ekki fyrr en í september 2009 vegna breytinga á sjóðsfyrirkomulagi, þ.e stofnunar Sprotasjóðs en forveri þess sjóðs var Þróunarsjóður leik-grunnskóla. Úthlutað var úr sjóðnum í desember 2009 en í framtíðinni verður miðað við að úthlutað verði úr sjóðnum á vorönn ár hvert.

Menntamálaráðherra skipaði Sigurjón Mýrdal, formann í stjórn Sprotasjóðs, sbr. ákvæði 15 gr. laga um leikskóla nr. 90/2009, 34. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 53. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Stjórn var þannig skipuð:

Aðalmenn:

Sigurjón Mýrdal, kt. 121149-4519, formaður, án tilnefningar

Rósa Gunnarsdóttir, kt. 130669-4179, án tilnefningar

Elna Katrín Jónsdóttir, kt. 211054-5229, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, kt. 050860-5589, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Finnur Friðriksson, kt. 231072-5279, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Varamenn:

Björg Pétursdóttir, kt. 070961-5559, varaformaður, án tilnefningar

Guðni Olgeirsson, kt. 221158-5479, án tilnefningar

Eiríkur Jónsson, kt. 060751-2779, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands

Guðfinna Harðardóttir, kt. 140367-4949, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Anna Kristín Sigurðardóttir, kt. 050857-3609, tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Umsýsluaðili

Þann 1. júlí 2009, gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við RHA- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri um umsýslu og umsjón Sprotasjóðs til 3ja ára, byggðan á tilboði sem RHA setti fram 14. apríl 2009.

Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2009-2010

Stjórn sjóðsins lagði til, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra, að áherslusvið sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2009-2010 yrðu eftirfarandi:

- Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum.
- Læsi og lestrarkennsla.

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu í byrjun október til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var einnig sett inn á vef ráðuneytisins og inn á vefrit Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Einnig var send út tilkynning til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og vakín athygli á sjóðnum. Sjá auglýsingu [hér](#). Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni umsokn.stjr.is og var umsóknarfrestur til 6. nóvember.

Úthlutun Sprotasjóðs 2009-2010

Samtals voru umsóknir til Sprotasjóðs 143 og heildarupphæðin sem sótt var um til sjóðsins var rúmlega 250 millj.kr. Stjórn sjóðsins gerði tillögur til menntamálaráðherra og ráðherra ákvað að tillögu stjórnar, að veita styrki til 44 verkefna að upphæð tæplega 44 millj. kr. Í töflu 1. má sjá hvernig styrkirnir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

Tafla 1. Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta:

	Reykjavík	SV.land	Vestur-land	Norður-land	Austur-land	Suður-land	Upphæð	Fjöldi
Leikskólar	1	1		2	1		4.000.000	5
Grunnskólar	10	9	2	1	1	2	17.180.000	25
Framhaldsskólar	4	4		1			11.900.000	9
Þvert á skólastig	1	1	2		1		10.350.000	5
Alls							43.430.000	44

Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2009-2010

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk fyrir úthlutunarárið 2009-2010.

Tafla 2. Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2009-2010.

Styrkþegi	Nafn verkefnis	Úthlutun í kr.
Framhaldsskólastig		
Fjölbrautaskólinn Garðabæ	Hönnunar og markaðsbraut við Fjölbrautaskólann í Garðabæ	1.700.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Gagnvirkar töflur í kennslu	600.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Mentorar/aðstoða nemendur af sama uppruna	800.000
Flensborgarskólinn, Hafnarfirði	Nýir kennsluáfangar í Flensborg	500.000
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Einstaklingsmiðað nám í umhverfisfr. og dönsku	1.500.000
Menntaskólinn í Kópavogi	Þverfaglegt viðfangsefni	2.500.000

Menntaskólinn við Hamrahlíð	Lýðræði, stjórnámál og sjálfbærni í framhaldsskóla	1.000.000
Menntaskólinn við Sund	Breytingastofa og starfsendarannsókn	2.300.000
Verzlunarskóli Íslands	Þróað læsi (upplýsinga- og menningarlæsi)	1.000.000
Grunnskólastig		
Háskólinn á Akureyri	Fágæti og furðuverk	450.000
Austurbæjarskóli	Efling læsis í Austurbæjarskóla	500.000
Álftanesskóli	Lestur og ritun. Markviss efling læsis, lesskilnings og færni nemenda í ritun	550.000
Breiðagerðisskóli	Byrjendalæsi	400.000
Breiðagerðisskóli	Læsi til framtíðar- Orð af orði	600.000
Grunnskólinn Ljósaborg	Til móts við náttúruna	700.000
Grundaskóli	Þróunarverkefni í byrjendalæsi	1.000.000
Grunnskóli Seltjarnarness	Sex ný lönd á Fjölmenningsarvef barna	600.000
Grunnskóli Snæfellsbæjar	Áttthagafræði í skólum Snæfellsbæjar	700.000
Grunnskóli Vestmannaeyja	Grunnskóli Vestmannaeyja- náttúruskóli	1.200.000
Háteigsskóli	Að auka orðaforða nemenda með aðferðum leiklistar	700.000
Hjallaskóli	Lestrarkennsla og læsi	700.000
Hraunvallaskóli	Byrjendalæsi	900.000
Hvaleyrarskóli	Björgin	800.000
Korpuskóli	L-9 þróunarverkefni. Lestur í Grafarvogi	880.000
Langholtsskóli	Útikennsla og námsmat	800.000
Laugalækjarskóli	Verkferlar í læsi og ritun í Laugalækjarskóla	600.000
Lindaskóli	Lestrarkennsla og læsi/Lestraráttak í 2-7. bekk	600.000
Melaskóli	Lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi með fjölbreyttum kennsluháttum	900.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Dindilyndi - verði gjafa gagnstreymi	800.000

Seljaskóli	Í upphafi skyldi endinn skoða - samræmt námsmat og snemmtæk íhlutun í lestri í 1.- 4. bekk	700.000
Seyðisfjarðarskóli/Skaftafell, miðstöð myndlistar	Fræðsluverkefni Skaftafells 2009-2010 "hugmyndavinna"	500.000
Sjálандsskóli	Þemakennsla á unglingsstigi	400.000
Víðistaðaskóli	Breytt og bætt námsmat	600.000
Ölduselsskóli	Upplýsinga- og þjónustuvefur um náms- og starfsráðgjöf á grunnskólastigi	600.000
Leikskólastig		
Leikskólinn Krílakot	Tónar eiga töframál	1.000.000
Leikskólinn Kiðagil	Leikskólalæsi	1.000.000
Leikskólinn Tjarnarland	Á vegamótum	500.000
Leikskólinn Vesturborg	Ég og Vesturbærinn minn í námi og leik	700.000
Skólaskrifstofa Garðabæjar	Lesmál- Sögu og samverustundir í leikskólum Garðabæjar	800.000
Þvert á skólastig		
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	PALS - læsi í leik- og grunnskólum í Mosfellsbæ	3.000.000
Brekkubæjarskóli	6+1 Trait- kennsla við ritun	400.000
Egilsstaðaskóli	Umhverfislæsi og staðarstolt - nýsköpunarmennt sem tæki til skilnings og athafna	2.250.000
Laugalækjarskóli	Tungumálatorg	2.500.000
Menntaskóli Borgarfjarðar	Borgarfjarðarbrúin	2.200.000
		43.430.000

Samningar við styrkþega

Í byrjun janúar 2010 vann umsýsluaðili að drögum að samningi með hliðsjón af samningi um þróunarverkefni sem gerður hafði verið við styrkþega í Þróunarsjóði leik- og grunnskóla. Samningurinn var svo sendur til lagasviðs ráðuneytisins þar sem hann var yfirfarinn í ljósi reglna Sprotasjóðs. Því næst gekk umsýsluaðili frá samningum við styrkþega á grundvelli

þeirrar upphæðar sem verkefninu var úthlutað og verkáætlunar þess. Styrkþegum ber að skila rafrænum lokaskýrslum við lok verkefnis en einnig bera styrkþegum að skila áfangaskýrslum ef verkefnin eru lengir en ár. Sjá nánari upplýsingar um greiðslufyrirkomulag og skil á skýrslum í töflu 3.

Tafla 3. Greiðslufyrirkomulag og skil á skýrslum.

Lengd verkefnis	Áfangaskýrsla	Lokaskýrsla	Greiðslufyrirkomulag
1. ár eða styttra	Engin áfangaskýrsla	Aðeins að skila lokaskýrslu. Lokaskýrsla skal berast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir áætluð lok verkefnisins. Lokagreiðsla greidd 15 dögum síðar.	60% af upphæð til greiðslu í mars 2010. 40% til greiðslu þegar lokaskýrslu hefur verið skilað.
2 til 3 ár	1-2 áfangaskýrslur, ein eftir hvort ár. Áfangaskýrslu skal skilað 1. des. Greiðsla fer fram 15. des.	Lokaskýrsla skal berast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir áætluð lok verksins. Lokagreiðsla greidd 15 dögum síðar.	2 ár: 40% af upphæð til greiðslu í mars 2010 40% af upphæð til greiðslu eftir skil á áfangaskýrslu. 20% af upphæð til greiðslu eftir skil á lokaskýrslu. 3 ár: 40% af upphæð til greiðslu í mars 2010. 40% af upphæð til greiðslu eftir skil á fyrri áfangaskýrslu. 20% af upphæð til greiðslu eftir lok annarrar áfangaskýrslu 20% til greiðslu eftir skil á lokaskýrslu.
3. ár eða lengur	Skila áfangaskýrslu við lok hvers árs.	Lokaskýrsla skal berast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir áætluð lok verksins. Lokagreiðsla greidd 15 dögum síðar.	40% af upphæð til greiðslu í mars 2010. 20% af upphæð til greiðslu eftir 1. áfangaskýrslu. 20% af upphæð til greiðslu eftir 2. áfangaskýrslu 20% af upphæð til greiðslu eftir skil á lokaskýrslu.

			Ef 4 ár eða lengur þá er lokagreiðslan minnkuð niður í 10%.
--	--	--	---

Styrkþegum var sendur í pósti samningur í þríriti til undirritunar. Styrkþegar sendu tvö afrit til baka til umsýsluaðila en héldu einu eftir. Umsýsluaðili heldur eftir einu afriti en sendir það þriðja til bókhaldssviðs ráðuneytisins, sem sér um að greiða út styrkuppþæðina eftir ákveðnum greiðsludögum sem kveðið er á um í hverjum samningi fyrir sig og grundvallast af lengd hvers verkefnis og verkáætlun þess.